

## Tilboð til hluthafa

### Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf.

Fjárfestingarfélagið Straumur hf., kt. 701086-1399, býður hluthöfum Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf., kt. 560497-2299, að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu fyrir nýja hluti í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. Tilboðsverðið er 1,60 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs hluta í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Greitt verður með nýjum hlutum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. miðað við gengið 3,15. Skiptigengið er því 0,508 kr.

Fjárfestingarfélagið Straumur hf. keypti þann 1. apríl 2003, 30,07% hlutafjár í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Eftir kaupin er eignarhlutur Fjárfestingarfélagsins Straums hf. 75,50% af heildarhlutafé Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. Um leið og eignarhlutur Fjárfestingarfélagsins Straums hf. fór yfir 50% í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. stofnaðist samkvæmt V. kafla laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða skylda til að gera yfirtökutilboð í aðra hluti.

Hluthafar Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. fá tilboðsyfirlitið og eyðublað til samþykkis tilboði sent í pósti næstu daga. Nánari upplýsingar um tilboðið er að finna hjá Fjárfestingarfélaginu Straumi hf., Sætúni 8, 105 Reykjavík og á heimasíðu félagsins [www.straumur.net](http://www.straumur.net). Einnig er hægt að nálgast upplýsingar hjá umsjónaraðila tilboðsins Fyrirtækjapróun Landsbanka Íslands hf. Laugavegi 77, 101 Reykjavík og á heimsíðu bankans [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is).

